

Ed.

372. Nefndarálit

[183. mál]

um frv. til l. um lögreglustjóra í Hafnarhreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með samþykkt þess. En nefndin vill jafnframt taka þetta fram: Hún telur einsætt, að lögreglustjórinn í Hafnarhreppi hafi, þegar til kemur, umboðsstörf (fulltrúastarf) á hendi fyrir sýslumanninn í Vík í öðrum hreppum Austur-Skaftafellssýslu. Enn fremur væri athugandi eftir þá breytingu, sem frv. gerir ráð fyrir, hvort lengur sé þörf fyrir óbreyttan starfsmannafjölda við sýslumannsembættið í Vík.

Alþingi, 9. marz 1973.

Björn Fr. Björnsson,
form., frsm.

Geir Gunnarsson,
fundaskr.

Bjarni Guðbjörnsson.

Oddur Ólafsson.

Eggert G. Þorsteinsson.
Magnús Jónsson.

Alexander Stefánsson.